



Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Stefna Reykjavíkurborgar

Leikskólar

Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda.

Leikur barnsins er leið til þroska og náms. Jafnvægi er á milli frjálsra leikja og athafna sem stjórnað er af fullorðnum.

Leikskólakennarar gera einstaklingsáætlun fyrir hvert barn í samvinnu við foreldra og endurspeglar hún þarfir og áhugasvið þess.

Áætlanir eru metnar reglulega með börnum og foreldrum.

Áhersla er lögð á samvinnu, þemanám, fjölbreytt vinnubrögð, sköpun og frumkvæði.

Grunnskólar

Nemendur starfa samkvæmt einstaklingsáætlun sem þeir gera í samstarfi við kennara og foreldra.

Starfshættir eru opnir og sveigjanlegir og nemendur vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra með stuðningi upplýsinga- og samskiptatækni.

Skóli án aðgreiningar.

Allir nemendur, fatlaðir og ófatlaðir, íslenskir sem erlendir, eiga kost á að sækja skóla samkvæmt vali foreldra. Í skólum er þekking til að sinna öllum nemendum.

Samráð/nemendaverndarráð um hagsmuni einstakra barna starfa við hvern leik- og grunnskóla og í nánú samstarfi við þjónustumiðstöð.

Allir starfsmenn leik- og grunnskóla hafa tileinkað sér fjölmennningarleg viðhorf.

Nokkrir leikskólar eru sérhæfðir og búa yfir þekkingu vegna sérþækra fatlana.

Sérskólar og sérhæfðar sérdeildir á grunnskólastigi eru til fyrir nemendur með fatlanir, alvarlegar raskanir og þroskahamlanir.

Jákvæð sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglinga.

Börnum og unglíngum líður vel í skólanum. Unnið er markvisst að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Þetta er m.a. gert með því að þjálfa þau á öllum aldurstigum í félagsfærni og samskiptum.

Skilningur er á ólíkum þroska- og námsleiðum barna.

Í skólanum eru skýrar samskipta- og ungengnisreglur sem starfsfólkið fylgir, börnin skilja og foreldrar þekkja.

Hollusta, hreyfing og heilbrigði eru í hávegum höfð og einelti er ekki liðið í skólanum. Líður í lýðræðislegum vinnubrögðum er að hlusta á raddir barna og unglínga.

Nemendur grunnskóla bera ábyrgð á náminu og taka virkan þátt í því að móta daglegt skólastarf.

Í menntamálum

10 ára framtíðarsýn

Leikskólar

Náin tengsl skóla og grendarsamfélags.

Foreldrar eru vel upplýstir um starfsemi leikskólans og hafa tækifæri til að koma með hugmyndir að breytingum.

Upplýsingar um barnið eru veittar með leyfi foreldra, s.s. til grunnskóla og annarra stofnana. Leikskólinn er í tengslum við aðra skóla í nágrenninu og er virkur þátttakandi í samfélaginu.

Upplýsingatækni er nýtt til samskipta.

Grunnskólar

Grunnskólinn er lifandi miðstöð í hverfinu og er í góðum tengslum við nánasta umhverfi sitt, náttúru, menningu og atvinnulíf. Þetta felur m.a. í sér að skólastarfið fer út fyrir skólahúsið og að önnur starfsemi getur farið fram í húsnæði skólans.

Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið og virkir þátttakendur í því.

Sjálfstæðir skólar – jafnræði í umgjörð.

Skólar starfa sem sjálfstæðar stofnanir innan ramma laga og reglugerða, stefnumörkunar borgarinnar, fjárhagsramma og kjarasamninga. Þeir setja sér starfsáætlun ár hvert þar sem sérstaða skólans, framtíðarsýn hans og markmið eru kynnt.

Jafnræði er í umgjörð skólanna hvað varðar húsnæði, búnað og aðgang að upplýsingatækni.

Húsnæði og útileiksvæði er hannað í samstarfi við börn, foreldra og fagfólk.

Leikskólinn er fyrir öll börn frá eins árs aldri og er gjaldfrjálst.

Nemendur eiga örugga skólavist í sínum hverfisskóla, en geta þó valið aðra skóla samkvæmt gildandi reglum.

Árlegar starfsáætlanir Menntasviðs byggja á þessari sýn



